



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 10. júní 2008  
Tilvísun: UST20080500077/sf

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

### Stækkun Helguvíkurhafnar. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

#### Framkvæmdalýsing

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt áformum um stækkun Helguvíkurhafnar er gert ráð fyrir gerð 360 m langs viðlegukants í sunnanverðri vikinni og framlengingu á núverandi kanti, sem er um 150 m langur, um 60 m í austurátt og 100 m í vesturátt. Til að koma fyrir nýjum viðlegukanti og athafnasvæði þarf að brjóta niður stóran hluta klettabeltis, sem er um 15- 20 m hátt. Við hafnarframkvæmdirnar er einnig gert ráð fyrir stækkun núverandi brimvarnargarðs svo að nýr viðlegukantur verði betur varinn fyrir úthafsöldu og brimi. Efni til framkvæmda verður fengið úr klettabeltinu og af sjávarbotni vegna dýpkunarframkvæmda og er ekki talin þörf á efni annars staðar frá. Gert er ráð fyrir að með fyrirhugaðri stækkun muni skipaumferð í höfninni aukast, auk þess sem skipin verði stærri og dvelji lengur.

#### Náttúruminjar

Eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila eru engin svæði í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði sem eru friðlýst eða á náttúruminjasrá. Þar er heldur ekki að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Hafnar­svæðið í Helguvík liggur hins vegar að svæðum sem njóta eiga verndar samkvæmt skipulagi. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar er gert ráð fyrir bæjarfriðun á Bergi. Svæðið er ætlað til útivistar og gert er ráð fyrir gönguleið meðfram ströndinni að Helguvíkur­nefi, sbr. deiliskipulag fyrir hafnar- og iðnaðarsvæði í Helguvík. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 er Stakkur, klettur framan Stakksnípu norðan Helguvíkur, verndaður með skipulagi.

#### Sjávarstraumar

Í umfjöllun um sjávarstrauma segir m.a. í tilkynningu framkvæmdaraðila: „*Straumar og aðstæður við Helguvík eru nokkuð vel þekktar. Framkvæmdin mun ekki hafa í för með sér*

*breytingar á sjávarstraumum.*“ Hins vegar fylgja engin gögn með tilkynningunni sem sýna fram á réttmæti þeirrar fullyrðingar. Umhverfisstofnun telur að leggja verði fram gögn því til rökstuðnings að framkvæmdin hafi ekki í för með sér áhrif á sjávarstrauma.

### Lífriki

Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina mun stækkun hafnarinnar í Helgúvík að stærstum hluta ná yfir lítt eða óraskaðan botn. Þó er gert ráð fyrir að botninn sé raskaður í grennd við núverandi höfn og við olíubryggju NATO og jafnframt að sjávarbotni þar sem fyrirhuguð viðbót við núverandi grjóttgarð mun rísa hafi verið raskað þegar núverandi brimvarnargarður var útbúinn. Ekki hafa farið fram rannsóknir á lífríki fjöru í nágrenni Helgúvíkur, en í tilkynningu framkvæmdaraðila er eftirfarandi lýsing á aðstæðum: „*Grýttar fjörur eins og eru í og við Helgúvík eru algengasta fjörugerðin á Suðurnesjum. Undir Hólmsbergi eru fjörunar flokkaðar sem grýttar, brattar og brimasamar. Lífríki þar er fremur fátæklegt.*“ Í tilkynningunni er jafnframt vísað til rannsókna sem fram fór á lífríki sjávarbotns utan við Selvík, norðan Helgúvíkur, í tengslum við fyrirhugað álver í Helgúvík og flæðigryfju fyrir kerbrot. Tilgangur þeirrar rannsóknar var að „afla upplýsinga um lífríki á klapparbotni neðansjávar í Selvík og skapa þannig grundvöll vegna seinni samanburðarrannsókna, þar sem metin verða áhrif frá kerbrotagryfjum á samfélagið á botninum (þörungum og stærri dýr)“. Í skýrslu um rannsóknirnar kemur fram að lífríki á klapparbotni í nágrenni við Helgúvík reyndist þokkalega fjölbreytilegt þegar litið er til heildarfjölda tegunda á svæðinu og á einstökum stöðvum. Fjölbreytileikinn var hins vegar ekki sérlega mikill þegar litið er til meðalfjölda tegunda á stöð. Í skýrslunni kemur einnig fram að verndargildi svæðisins er lítið í ljósi hins rýra þaraskógar og smádýralíf þöngulhausa á svæðinu að líkindum ekki auðugt.

Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila fylgir framkvæmdum við höfnina talsvert rask. Þar segir jafnframt að dýpkun með sprengingum og greftri fylgi töluvert upprót sets og gruggs af sjávarbotni, sem geti breytt aðstæðum á sjávarbotni á hafnarsvæðinu og haft þannig neikvæð áhrif á botndýr og aðrar lífverur sem þar lifa. Þá geta aukin umsvif við höfnina hugsanlega haft neikvæð áhrif á vistkerfi sjávar og sjávarbotn innan hafnarinnar. Framkvæmdir við stækkun Helgúvíkurhafnar munu því hafa áhrif á botndýralíf. Í tilkynningu framkvæmdaraðila eru leiddar líkur að því að lífríkið sé væntanlega ekki fjölbreytt eða sérstakt en ekki liggja fyrir neinar rannsóknir sem sýna það og þar með hefur ekki verið staðfest að botndýralíf sé svipað og það sem fannst við rannsókn á botndýralífi utan við Selvík. Umhverfisstofnun telur því æskilegt að einhverjar rannsóknir fari fram á lífríki á framkvæmdasvæðinu í ljósi þess að á stærstum hluta þess er um lítt eða nær óraskaðan botn að ræða.

### Varp í hafið /dýpkunarefni

Samkvæmt upplýsingum um framkvæmdina verður við gerð nýs viðlegukants stálþil rekið niður í setlög og sprengdan skurð á sjávarbotni, dýpkað framan við þil þar sem með þarf og fyllt innan við það. Grjóttflái verður útbúinn beggja vegna við enda þilsins. Efni í stækkun núverandi brimvarnargarðs mun koma úr dýpkun innan hafnar og frá sprengingum á klettabeltinu meðfram víkinni. Þá segir í umfjöllun um lífríki sjávar í tilkynningu um framkvæmdina að sjávarset á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði verði fjarlægt og komið fyrir á sama stað og við byggingu brimvarnargarðs NATO, í Selvík, norðvestan við Stakk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Opin landfylling, þ.e. nýmyndun lands, sem yfirleitt er varin að hluta með varnargörðum og efni liggur á hafsbotni að nokkru leyti óvarið fyrir straumum og lífríki, telst vera varp í hafið í skilningi laganna, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Varp dýpkunarefnis í hafið, hvort sem er undir fyrirhugaðan brimvarnargarð eða utan hafnar, er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a.: „Í samræmi við ákvæði OSPAR samningsins um verndun hafrymis NA Atlantshafsins hefur Reykjaneshöfn tekið sýni af sjávarbotni á fyrirhuguðum dýpkunarsvæðum. Sýnin verða rannsókuð með tilliti til kornadreifingar og ef nauðsyn krefur verður kannað innihald þungmálma og þrávirkra lífrænna efna.“

Eins og bent er á hér að framan er varp efna og hluta í hafið óheimilt samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, en Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að dýpkunarefnum sé varpað í hafið. Þær upplýsingar sem framkvæmdaraðila ber ætíð að skila til Umhverfisstofnunar vegna dýpkunarframkvæmda áður en framkvæmdir hefjast eru: Staðsetning dýpkunar, tilgangur dýpkunar, áætluð tímasetning dýpkunar, dýpi á dýpkunarstað, eðli dýpkunarefnis (ef set þá upplýsingar um kornastærð), áætlað magn dýpkunarefnis og meðferð dýpkunarefnis. Þessar upplýsingar þurfa því að berast til stofnunarinnar áður en hún tekur afstöðu til þess hvort veita beri leyfi til varps dýpkunarefna í hafið vegna framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun metur hvort þörf er á að meta efnainnihald dýpkunarefnis eða ekki.


### Hljóðstig af völdum framkvæmda


Eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila er fyrirhugað að sprengja niður klettabelti og reka niður stálþil vegna framkvæmdanna. Ekki er í tilkynningunni fjallað um ónæði sem hlotist gæti af þessum verkþáttum. Þar sem framkvæmdirnar eru tímabundnar og staðsettar á athafnasvæði telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að um umtalsverð umhverfisáhrif verði að ræða. Stofnunin bendir þó á ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða og leggur áherslu á að þess sé gætt að hljóðstig vegna framkvæmdanna haldist innan þeirra viðmiða sem þar koma fram.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að leggja verði fram ítarlegri gögn varðandi áhrif á sjávarstrauma og lífríki til að unnt sé að meta með fullnægjandi hætti umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt

  
Sigrós Friðriksdóttir  
fagstjóri

  
Hjalti J. Guðmundsson  
sviðsstjóri